



Ársskýrsla Eitrunarmiðstöðvar 2017.

Starfsemi og starfsmenn

Eitrunarmiðstöðin (EM) starfaði undir Fjármálasviði LSH allt árið 2017. Þann 1. janúar 2018 var starfsemi hennar flutt á Flæðisvið.

Aðalhlutverk er að sinna ráðgjöf um meðferð eitrana til almennings og heilbrigðisstarfsmanna og efla þekkingu á eitrunum og meðferð þeirra.

Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla allan sólarhringinn.

Yfirlit yfir fyrirspurnir árið 2017

Á árunum 2013-2016 var meðaltal skráða fyrirspurna til EM **850** símtöl á ári. Árið 2017 voru skráð símtöl í eitrunarsímann **1398**. Þessi gífurlega aukning (um **40%**) skýrist best af því að betra utan umhald og bætt skráning símtala.


Samkvæmt upplýsingum frá Skiptiborði-Þjónustumiðstöð LSH eru símtöl í eitrunarsímann, 543 2222, líklega um 1500 – 2000 á ári. Mikilvægt er að skrá öll símtöl líka þau sem eru almennar fyrirspurnir og eigi ekki endilega við ákveðin einstakling heldur eru almenns eðlis varðandi lyfja- eða eiturefnafyrirspurnir.

Tölfræði og yfirlit símtala í eitrunarsímann

44,0 % fyrirspurna voru vegna lyfjaeitrana og 50,5 % vegna annarra eiturefna. Almennar fyrirspurnir voru 5,5 %.

	(%)
Lyfjaeitranir	44,0
Önnur eiturefni	50,5
Almennar fyrirspurnir	5,5
Fullorðnir	32
Unglingar/börn 6-18 ára	15
Börn 6 ára og yngri	30
Börn 2 ára og yngri	23
Helstu ástæður eitrana	
Óhapp	68,0
Annað/ekki vitað	11,5
Sjálfsvígstílaun	7,5
Röng lyfjagjöf	7,5
Misnotkun	4,5
Vegna starfs	1,0
Helstu íkomuleiðir	
Inntaka	73
Annað/ekki vitað	9

Augu	6
Húð	5
Innöndun	5
Í endaparm	1,5
iv/im/sc	0,5



Algengustu lyfin

Heiti lyfs	Fjöldi (%)
Annað	19
Geðlyf og flogaveikilyf	13
Parasetamól	9
Veik verkjalyf/NSAID	9
Vítamín og/eða járn	9
Svefnlyf	7
Þunglyndislyf SSRI	6
Ofvirknilyf	6
Andhistamín	4
Hjartasjúkdómalyf	4
Bensódíasepín	4
Sterk verkjalyf/Opíóíðar	4
Hormónalyf	2
Nikotínlyf	2
Náttúruleyf	1
Þunglyndislyf þríhringlaga	1

Algengustu lyfin (Annað tekið út)

